


MENNTASKÓLINN Á ÍSAFIRÐI

ÁRSSKÝRSLA



2023



Menntaskólinn á Ísafirði var stofnaður árið 1970 sem bóknámsskóli. Skólinn tók á sig núverandi mynd um 1990 þegar MÍ, Iðnskóli Ísafjarðar og húsmæðraskólinn Ósk sameinuðust í einn skóla.

Námframboð skólans er mjög fjölbreytt. Boðið er upp á nám á 11 starfs- og verknámsbrautum, 4 stúdentsbrautum og starfsbraut auk iðnmeistaránáms. Íþróttasvið er í boði á öllum brautum.



Hlutverk og markmið

Menntaskólinn á Ísafirði starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008.

MÍ er eini framhaldsskólinn á Vestfjörðum. Í fámennu samfélagi sem býr við landfræðilega einangrun er mikilvægt að hlutverk skólans taki mið af þörfum einstaklingsins og samfélagsins.

Það er skólanum kappsmál að geta boðið upp á gott og fjölbreytt nám á bóknáms- og starfsnámsbrautum. Rík áhersla er lögð á samstarf við stofnanir og fyrirtæki á svæðinu.

Í skólastarfinu er stuðlað að alhliða þroska nemenda og menntun í samræmi við lög um framhaldsskóla. Í skólastarfinu eru nemendur búnir undir frekara nám og störf, ábyrgðarkennd þeirra efld sem og víðsýni og þeir þjálfaðir í öguðum vinnubrögðum.

Í námskrá skólans og gæðahandbók mótar skólinn stefnu sína og markmið skólastarfsins, skipulag skólans og reglur, námsbrautir og áfangalýsingar.

ÁGRIP SKÓLAMEISTARA

Í þessari ársskýrslu er farið yfir það helsta sem viðkemur starfsemi og rekstri Menntaskólans á Ísafirði árið 2023. Í skýrslunni koma fram upplýsingar um starfsemi liðins árs, framkvæmd stefnumiðaðrar áætlunar, námsframboð, tölfræði um nemendur, o.fl.

Skólastarfið árið 2023 gekk vel. Fjöldi nemenda var svipaður og árið á undan og námsframboðið sömuleiðis. Skólinn tók þátt í ýmsum verkefnum, bæði innan lands og utan. Öllum fimm skrefunum í Grænum skrefum í ríkisrekstri var lokið á vormánuðum og skólinn náði góðum árangri í Stofnun ársins 2023.

Nemendur og starfsfólk unnu sameiginlega vinnu sem miðaðist að því að endurskilgreina gildi skólans. Eru gildi skólans nú þrjú; **virðing**, **metnaður** og **velliðan**. Starfsfólk skólans vann saman að því að gera samskiptasáttmála sem allt starfsfólk vinnur nú eftir.

Breytingar urðu í stjórnendateymi skólans á árinu þegar Dóróthea Margrét Einarsdóttir var ráðin aðstoðarskólameistari og Martha Kristín Pálmadóttir var fastráðin sem áfanga- og fjarnámsstjóri.

Höfundar skýrslu: Dóróthea Margrét Einarsdóttir aðstoðarskólameistari, Erna Sigrún Jónsdóttir námsráðgjafi og forvarnarfulltrúi, Friðgerður Guðný Ómarsdóttir fjármálastjóri, Heiðrún Tryggvadóttir skólameistari, Martha Kristín Pálmadóttir áfanga- og fjarnámsstjóri og Pernilla Rein gæða- og skjalastjóri.



VIRÐING - METNAÐUR - VELLÍÐAN

VIÐ LEGGJUM OKKUR FRAM UM AÐ:

- vera heiðarleg sýna tillitssemi
- vera hreinskilin og segja sannleikann
- vera með skýr skilaboð en ekki tala í kringum hlutina
- tala við fólk en ekki um fólk og tala um málin þar sem það á við
- setja sig í spor annarra og eiga kurteis samskipti við þá sem eru ólíkir okkur

VIÐ FORÐUMST AÐ:

- sýna óheiðarleika
- taka þátt í baktali, vera með illt umtal, taka þátt í slúðri
- sýna dómhörku
- niðurlægja og tala aðra niður
- stríða eða sýna neikvæða líkamstjáningu
- vera með neikvæða afskiptasemi, dónaskap eða ókurteisi

VIÐ LEGGJUM OKKUR FRAM UM AÐ:

- sýna hvert öðru virðingu óháð kyni, kynhneigð, stöðu eða, uppruna
- hlusta á aðra og gefa þeim rými
- sýna umburðarlyndi og sanngirni
- virða skoðanir og upplifun annarra og mörk þeirra
- virða tíma annarra, tímamörk verkefna og vera stundvís
- virða fjölbreytileika og leggja áherslu á menningarlausni

VIÐ FORÐUMST AÐ:

- sýna yfirgang eða fyrirleitningu, lítilsvirða eða fordæma
- tala niður til annarra, áreita eða fara yfir mörk annarra
- sýna dónaskap, ruddalega framkomu, niðurbrot eða vanvirðingu
- sýna mismunun, hundsá/útlöka aðra eða horfa upp á slíkt án þess að skerast í leikinn
- gera grín á kostnað annarra eða gera lítið úr upplifun eða hugmyndum annarra
- sýna fordóma eða ójafnrétti

HEIÐARLEIKI

- Segjum sannleikann, sýnum tillitssemi og kurteisi í samskiptum, samvinnu og líkamstjáningu s.s. raddbeitingu og svipbrigðum.
- Tökum ekki þátt í baktali, slúðri eða neikvæðri umræðu.

VIÐMÓT

- Temjum okkur viðmót sem styður við velliðan og öryggi á vinnustað.
- Tökum ábyrgð á skapsmunum og verum meðvitund um framkomu okkar s.s. í orðanotkun, venjum, vinnulagi og líkamstjáningu.
- Við bjóðum hvert öðru góðan daginn og munum að bros getur dimmu í dagsljós breytt.
- Hrósam þvi sem vel er gert.

VIÐ LEGGJUM OKKUR FRAM UM AÐ:

- leggja áherslu á jákvæðni, gleði og hlátur
- sýna öðrum áhuga, gefa augnsamband og brosa þegar við mætum samstarfsfólki
- vera hjálpsöm og styðjandi,
- sýna vinsemi, alúð, hlýju og kærleika og vera tilbúin að styðja hvert annað
- bjóða góðan daginn og kveðjast
- hrósa þegar það á við

VIÐ FORÐUMST AÐ:

- sýna þirring eða mæta með þirring í vinnuna og leyfa vondu skapi að vera ráðandi
- sýna afskiptaleysi, vera með hranalega framkomu, fylustjórnun, ófund eða meðvirkni
- gagnrýna ómálefnalega án tillitssemi,
- gera mannamun eftir starfstítlum eða skapa/viðhalda klíkum
- skamma aðra eða sýna óvild
- vera með slæma umgengni

SAMSKIPTASÁTTMÁLI

VIÐÞING

- Sýnum hvert öðru alltaf virðingu
- Samþykkjum að við erum öll og setjum okkur í spor hvers annars og virðum ólíkar aðstæður og gildi.
- Munum að það sem einum finnst lítið mál getur öðrum fundist óþægilegt eða erfið.
- Virðum verkefni og tímamörk

FAGMENNSKA

- Við erum fagfólk og leggjum metnað í störf okkar, framþróun og samvinnu.
- Höfum metnað til að gera vel og vilja til að vera sífellt að bæta okkur.
- Erum lausnamiðuð og höfum vilja til leysa úr málum.
- Setjum gagnrýni fram á málefnalegan hátt og þökkum fyrir ábendingar sem bæta fagmennsku eða samskipti.

VIÐ LEGGJUM OKKUR FRAM UM AÐ:

- sýna áhuga, fagmennsku og metnað í störfum, samvinnu og framkomu,
- taka ábyrgð á að þróast faglega og vera virk í samstarfi
- nýta málefnalega gagnrýni á jákvæðan hátt og geta tekið málefnalegum ábendingum
- vera opin fyrir nýjungum, lausnamiðuð og hafa vilja til að leysa mál
- styðja við gott upplýsingaflæði og að deila hugmyndum með öðrum
- taka vel á móti nýju starfsfólki

VIÐ FORÐUMST AÐ:

- ræða málefni nemenda þar sem það á ekki við s.s. á kaffistofu eða í nálægð annarra
- halda upplýsingum sem geta nýst öðrum bara fyrir okkur
- loka á breytingar og/eða nýjungar
- hlusta ekki á nýjar hugmyndir
- sýna áhugaleysi, neikvæðni eða svartsýni
- takast ekki á við og leysa erfið mál

SAMSKIPTA SÁTTMÁLI



HEIÐARLEIKI

- Segjum sannleikann, sýnum tillitssemi og kurteisi í samskiptum, samvinnu og líkamstjáningu s.s. raddbeitingu og svipbrigðum.
- Tökum ekki þátt í baktali, slúðri eða neikvæðri umræðu.

VIÐÞING

- Sýnum hvert öðru alltaf virðingu.
- Samþykkjum að við erum öll og setjum okkur í spor hvers annars og virðum ólíkar aðstæður og gildi.
- Munum að það sem einum finnst lítið mál getur öðrum fundist óþægilegt eða erfið.
- Virðum verkefni og tímamörk.

VIÐMÓT

- Temjum okkur viðmót sem styður við velliðan og öryggi á vinnustað.
- Tökum ábyrgð á skapsmunum og verum meðvitund um framkomu okkar s.s. í orðanotkun, venjum, vinnulagi og líkamstjáningu.
- Við bjóðum hvert öðru góðan daginn og munum að bros getur dimmu í dagsljós breytt.
- Hrósam þvi sem vel er gert.

FAGMENNSKA

- Við erum fagfólk og leggjum metnað í störf okkar, framþróun og samvinnu.
- Höfum metnað til að gera vel og vilja til að vera sífellt að bæta okkur.
- Erum lausnamiðuð og höfum vilja til að leysa úr málum.
- Setjum gagnrýni fram á málefnalegan hátt og þökkum fyrir ábendingar sem bæta fagmennsku eða samskipti.

**Það er sameiginleg
ábyrgð okkar allra að
vinna saman að því að
sáttmálinn sé virtur!**

INNGANGUR


Í ársskýrslu þessari fyrir árið 2023 er farið yfir þau verkefni sem mennta- og barnamálaráðuneytið og stjórnendur Menntaskólans á Ísafirði hafa gert samkomulag um og birtist í stefnumiðaðri áætlun til þriggja ára.



STEFNA

Frá haustinu 2016 hefur stefnumiðaðri áætlun til þriggja ára verið skilað árlega til ráðuneytis mennta- og barnamála til að koma til móts við 31.-32. gr. laga um opinber fjármál. Liður í stefnumiðaðri áætlun er að setja markmið fyrir kjarnastarfsemi og rekstrarþætti og árangursmælikvarða sem gefa vísbendingar um hvort markmið hafi náðst.

Hér á eftir má sjá markmið MÍ fyrir árin 2023 - 2025:



KJARNASTARFSEMI

- FRAMKVÆMD



HÆKKA HLUTFALL NEMENDA SEM LJÚKA STARFS- OG TÆKNINÁMI OG FJÖLGA ÚTSKRIFUÐUM STELPUM ÚR STARFS- OG TÆKNINÁMI

Samkvæmt áætluninni var farið í ýmsar aðgerðir. Stuðningur við nemendur með námsörðugleika og annað móðurmál en íslensku var aukinn. Unnið var að því að bæta aðstöðu til kennslu á verk- og starfsnámsbrautum.

FJÖLGA NEMENDUM SEM LJÚKA PRÓFI Á TILSKYLDUM TÍMA

Stuðningur við nemendur með námsörðugleika og annað móðurmál en íslensku var aukinn. Eftirlit með námsgengi nemenda var eflt og kennarar fengu þjálfun í notun á fjölbreyttum kennsluháttum.

AUKA GÆÐI MENNTUNAR VIÐ SKÓLANN

Unnið var að því að bæta aðstöðu í starfs- og verknámi. Leiðbeinendur í kennslu voru hvattir til að hefja réttindanám til að fjölga réttindakennurum og áhersla var lögð á að verja fjölbreytt námsframboð við skólann, vegna landfræðilegrar sérstöðu hans.

REKSTRARÞÆTTIR

- FRAMKVÆMD



AUKIN SKILVIRKNI

Verið er að taka upp rafræna samskiptaferla á ýmsum sviðum sem og rafrænt undirrituð skjöl auk þess sem unnið er að því að sem mest ánægja sé með þjónustu skólans.

AUKIN STARFSÞRÓUN OG STARFSÁNÆGJA

Unnið er að því að auka starfsþróun og starfsánægju starfsfólks m.a. með starfsþróunarnámskeiðum og aukinni fræðslu. Starfsánægja var reglulega könnuð með HR Monitor könnunum og stefnt var að því að skólinn hækkaði í útkomu í könnuninni um Stofnun ársins 2023. Það markmið náðist en skólinn endaði í 2. sæti meðalstórra stofnana ársins 2023. Samskiptasáttmáli starfsfólks var innleiddur.

DRAGA ÚR UMHVERFISÁHRIFUM

Skólinn vann áfram að því að innleiða Græn skref í ríkisrekstri og lauk 5. skrefinu á vormánuðum. Unnið var að því minnka útblástur af starfseminni með því að auka notkun vistvænna samgöngumáta, að nýta fjarfundi í tengslum við stjórnsýslu, minnka orkunotkun og bæta flokkun á úrgangi, þ.m.t. að minnka notkun og förgun á pappír.

NEMENDUR



NEMENDUR ERU STÆRSTI HLUTI MANNAUÐS SKÓLANS. NEMENDUR MÍ ERU FJÖLBREYTTUR HÓPUR SEM STUNDAR NÁM Í DAGSKÓLA, DREIF- OG FJARNÁMI

Nemendum í MÍ hefur fjölgað undanfarin ár. Dreif- og fjarnámsnemum hefur fjölgað á meðan dagskólanemendum hefur fækkað vegna styttingu náms til stúdentsprófs.

Kennslumagn hefur ekki aukist í hlutfalli við nemendafjölgun sem skýrist fyrst og fremst af mun betri hópanýtingu í bóknámi.

FJÖLDI NEMENDA

Á vorönn 2023 voru nemendur skólans 435 en á haustönn voru þeir 446.

ÚTSKRIFAÐIR

Á vorönn 2023 útskrifuðust 58 nemendur og á haustönn 2023 útskrifuðust 35.

NEMENDUR EFTIR BRAUTUM

Braut	Vor 2023	Haut 2023
Félagsvísindabraut	15	20
Félagsvísindabraut - íþróttasvið	2	1
Fjarnámsbraut	98	73
Grunnnám háriðngreina	4	9
Grunnnám mál- og véltæknigreina	17	16
Grunnnám rafiðna	5	12
Húasmiði	23	19
Lista- og nýsköpunarbraut	14	19
Matartæknibraut	14	10
Nám til iðnmeistararéttinda	0	0
Náttúruvísindabraut	17	18
Náttúruvísindabraut - íþróttasvið	13	12
Opin stúdentsbraut	96	97
Opin stúdentsbraut - íþróttasvið	16	16
Sjúkraliðabraut	15	21
Sjúkraliðabraut - fjarnám	45	53
Sjúkraliðabú	3	3
Skipstjórn A	3	2
Skipstjórn B	10	10
Starfsbraut	9	7
Stálsmíði	11	6
Stúdentspróf af fagbraut	5	6
Vélstjórn A	0	16

NÝNEMAR EFTIR BRAUTUM


Á haustönn 2023 voru innritaðir nýnemar alls 57 og skiptust þeir þannig á brautir:

Braut	Fjöldi
Félagsvísindabraut	2
Félagsvísindabraut - íþróttasvið	1
Grunnnám háriðngreina	2
Grunnnám háriðngreina - íþróttasvið	1
Grunnnám mál- og véltæknigreina	10
Grunnnám mál- og véltæknigreina - íþróttasvið	1
Grunnnám rafiðngreina	1
Grunnnám rafiðngreina - íþróttasvið	2
Lista- og nýsköpunarbraut	5
Lista- og nýsköpunarbraut - íþróttasvið	1
Náttúruvísindabraut	8
Náttúruvísindabraut - íþróttasvið	4
Opin stúdentsbraut	11
Opin stúdentsbraut - íþróttasvið	6
Vélstjórn A	2
Alls	57

PRENNIS KONAR NEMENDAGERÐIR

Á síðustu árum hefur **NÁMSFYRIRKOMULAGIÐ** breyst frá því að vera eingöngu kennsla á staðnum yfir í dreif- og fjarnám. Kennarar hafa í auknum mæli tileinkað sér ýmsa tækni til að sinna breyttu námsfyrirkomulagi.


	Vor 2023	Haut 2023
Dagskóli	153	184
Dreifnám	54	49
Fjarnám	228	213
Alls	435	446



ALDURSDREIFING

Aldursdreifing nemenda MÍ er nokkuð mikil. Yngstu nemendurnir árið 2022 voru 15 ára en elstu 61 árs. Flestir nemendur eru á aldrinum 16 – 20 ára:


Aldur	Vor 2023	Haut 2023
14-15 ára	2	4
16-20 ára	233	244
21-25 ára	66	60
26-30 ára	37	39
31-35 ára	25	25
36-40 ára	15	18
41-45 ára	23	24
46-50 ára	9	13
51-55 ára	15	8
56-60 ára	9	11
61-72 ára	1	0



BÚSETA

Nemendur MÍ koma úr öllum landshlutum en langflestir búa á Vestfjörðum:


	Vor 2023	Haut 2023
Höfuðborgarsvæðið	97	84
Suðurnes	19	19
Vesturland	20	17
Vestfirðir	226	252
Norðurland vestra	17	19
Norðurland eystra	16	17
Austurland	16	7
Suðurland	19	29
Erlendis	5	2



BROTTFALL

Hér sjást brottfallstölur síðustu fjögurra ára:

	VOR 2020	HAUST 2020	VOR 2021	HAUST 2021	VOR 2022	HAUST 2022	VOR 2023	HAUST 2023
%	8,2	9,4	5,3	8,5	10,1	10,1	10,7	7,4



BRAUTIR Í BOÐI

BÓKNÁM

- Félagsvísindabraut
- Náttúruvísindabraut
- Opin stúdentsbraut
- Opin stúdentsbraut - fjarnám
- Stúdentspróf af fagbraut
- Íþróttasvið

STARFSBRAUT

STARFS- OG VERKNÁM

- Grunnám háriðngreina
- Grunnám mál- og véltæknigreina
- Grunnám rafiðngreina
- Húsasmíði
- Lønmeistaránám
- Lista- og nýsköpunarbraut
- Matartækni
- Sjúkraliðabraut
- Sjúkraliðabrá
- Skipstjórnarnám A og B
- Stálsmiði
- Vélstjórn A

HLUTFALL BÓK- OG VERKNÁMS

Mí leggur áherslu á fjölbreytt námsframboð, bæði í bóknámi og starfs- og verknámi. Skiptingin milli bóknáms annars vegar og starfs- og verknáms hins vegar var eftirfarandi árið 2023. 44% nýnema innrituðust í starfs- og verknám haustið 2023:

	Vorið 2023	%	Haustið 2023	%
Bóknám	271	62%	250	56%
Starfs- og verknám	164	38%	196	44%

Útskrift vorið 2023



Útskrift haustið 2023



NEMENDAPJÓNUSTA

NEMENDAPJÓNUSTA MÍ SAMANSTENDUR AF ÞJÓNUSTU NÁMSRÁÐGJAFJA, ÁFANGA- OG FJARNÁMSSTJÓRA OG SKÓLAHJÚKRUNARFRÆÐINGS. GÓÐ SAMVINNA ER Á MILLI ÞEIRRA AÐILA SEM KOMA AÐ NEMENDAPJÓNUSTU SKÓLANS.

Áhersla er lögð á öfluga náms- og starfsráðgjöf, fræðslu og gott utanumhald um nám og líðan nemenda.

Allir nýnemar taka áfanga í náms- og starfsfræðslu á haustönn sem hefur það að markmiði að búa nemendur undir nám í framhaldsskóla. Námsráðgjafi, skólahjúkrunarfræðingur og áfanga- og fjarnámsstjóri bjóða upp á opna viðtalstíma, bókanlegir í gegnum **rafrænt bókunarkerfi** á heimasíðu skólans eða hjá ritara. Eins eru margir sem koma við á skrifstofu fyrrgreindra aðila og fá þannig viðtal því leitast er við að hafa nemendapjónustuna opna og aðgengilega nemendum.

Á skólaárinu 2023 fóru flest viðtöl fram í skólanum. Einnig voru viðtöl tekin í gegnum Teams og þá helst við fjarnema sem eru í auknum mæli að nýta sér nemendapjónustuna. Fjöldi fyrirspurna berast í tölvupósti eða í gegnum símtöl og er svarað með þeim hætti.

Á haustönn tók námsráðgjafi móttökuviðtöl við nýnema með erlendan bakgrunn og nýnema með sérþarfir ásamt foreldrum eða forsjáraðilum. Þar var farið yfir sértæk úrræði í námi, líðan og þær áskoranir sem fylgja því að hefja nám í framhaldsskóla. Áfanga- og fjarnámsstjóri tók viðtöl við útskriftarefni þar sem áhersla var lögð á námsferla og það sem leggja þurfti áherslu á til að útskrifast.

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna tóku gildi þann 1. janúar 2022. Meginmarkmið laganna er að skapa umgjörð sem stuðlar að því að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana. Námsráðgjafi ásamt sviðsstjóra á starfsbraut eru tengiliðir vegna farsældarþjónustu. Innleiðingin er leidd af Ísafjarðarbæ. Námsráðgjafi er í góðu samstarfi við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða varðandi geðheilbrigðismál nemenda og vísar nemendum sem þess þurfa í þjónustu teymisins, Einnig er samstarf við félagsþjónustur á svæðinu, barnavernd og aðra sérfræðinga sem koma að málefnum nemenda. Skólahjúkrunarfræðingu var með fasta viðveru á skrifstofu nemendapjónustu alla fimmtudaga frá 9:00 - 12:00



FÉLAGSLÍF NEMENDA

Félagslíf nemenda er jafnan stór þáttur í skólastarfinu og nemendafélagsstjórnir ársins 2023 unnu vel með skólastjórnendum og öðrum sem komu að félagslífi nemenda. Félagsmálafulltrúi skólans á vorönn var Kolbrún Fjóla Ármúla Arnarsdóttir og á haustönn Rannveig Jónsdóttir.

MÍ tók að venju þátt í Gettu betur. Sólrísan fór fram með ýmsum skemmtilegum viðburðum og útgáfu Sólrísublaðsins. Einn af hápunktum Sólrísunnar var sýning leikfélagsins á söngleiknum *Rocky Horror* í leikstjórn Gunnars Gunnsteinssonar.

Fullveldisfagnaður var haldinn með glæsibrag í desember þar sem nemendur og starfsfólk skemmtu sér vel saman. Stjórn NMÍ bauð upp á ýmsa smærri viðburði.

Á haustönn var farið af stað með klúbbastarf þar sem nemendur komu saman eftir skóla. Er tilgangurinn að skapa fleiri vettvanga fyrir nemendur til að koma saman. Á haustönn urðu til tveir klúbbar, borðtennis- og tónlistarklúbbur.



FORVARNIR

Stefna skólans er að stuðla að jákvæðri lífssýn og heilbrigðum lífsháttum nemenda og starfsfólks. Hjá nemendum er lögð áhersla á að efla andlega og líkamlega heilsu og vellíðan, styrkja sjálfstraust og efla félagsþroska, kynheilbrigði og sjálfsvirðingu. Einnig er lögð áhersla á að styðja nemendur í því að setja sér skýr markmið í lífinu og vinna markvisst að þeim, auk þess að stuðla að öflugum fræðslustarfi undir stjórn forvarnarfulltrúa skólans Ernu Sigrúnar Jónsdóttur.

Ýmis hefðbundin forvarnarfræðsla fór fram á árinu 2023 s.s ýmsir forvarnafyrirlestra. Forvarnardagurinn var haldinn og auk þess heimsótti lögreglan nýnema þar sem áhersla var lögð á umferðamál.

Námsráðgjafi er fulltrúi skólans í VÁ-Vest hópnum sem er samstarfshópur um forvarnir á Vestfjörðum.

Hluti af forvarnastarfi skólans er að tryggja að móttaka nemenda sé í samræmi við móttökuáætlanir og að sérstaklega sé hugað að þeim nemendum sem eru með sérþarfir, hefja nám á starfsbraut eða eru með annað móðurmál en íslensku.

Úrræði fyrir nemendur sem eru í hættu á brottfalli og brotthvarfi eru einnig hluti af forvarnastefnu skólans og felst m.a. í eftirfylgni með mætingum, lotumati og lokamati í samræmi við verklag í gæðahandbók.



STARFSMENN

Starfsmenn MÍ eru mikilvægasta auðlind skólans ásamt nemendum. Starfsmannahópurinn er fjölbreyttur, vel menntaður og öflugur.



FJÖLDI STARFSMANNA

Við skólann störfuðu 44 starfsmenn á vorönn og 48 á haustönn í 38,5 stöðugildum. Starfsmenn í fullu starfi eru 26. Samtals voru 33 starfsmenn við kennslu á vorönn og 37 á haustönn.

JAFNLAUNAKERFI

Jafnlaunakerfi er rekið í samræmi við kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST85:2012. MÍ hlaut fyrst jafnlaunavottun árið 2019 og endurvottun árið 2022.

Markmið jafnlaunakerfis er að tryggja að allt starfsfólk, óháð kyni, njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf.



INNRA MAT



Stefna um innra mat er unnin í samstarfi við gæðaráð skólans og eru verkefni og verklag nefndar um innra mat skilgreind í gæðahandbók MÍ.

Matsteymi um innra mat starfar eftir verkáætlun sem skipulögð er fjögur ár fram í tímann. Á vorönn og haustönn 2023 lagði teymið fyrir áfangakönnun (kennslukönnun) í INNU í öllum áföngum. Spurt var um vinnuálag í áföngunum og einnig voru nemendur beðnir um að koma með ábendingar um það sem þeim þótti takast vel í áfanganum og hvað mætti betur fara. Kennarar fóru yfir svör í eigin áföngum og nýttu þau til ígrundunar og til þess að bregðast við og gera úrbætur í kjölfarið. Stjórnendur fengu einnig niðurstöður kannananna í hendur og gátu nýtt þær í starfsmannasamtölum við kennarana.

Á vorönn var lögð þjónustukönnun fyrir nemendur. Niðurstöður könnunarinnar benda til að langflestir nemendur MÍ séu ánægðir hvað varðar samskipti við starfsfólk, þjónustu og með húsnæðisaðstæður skólans. Á vorönn var haldið skólamálaping með nemendum og starfsfólki þar sem fjallað var sérstaklega um skólaumhverfið í víðum skilningi. Fjölmargar gagnlegar hugmyndir og ábendingar komu fram sem stjórnendur unnu áfram með.

Á haustönn 2023 stóð teymið fyrir nýnemakönnun og námsmat og brottfall nemenda var kannað bæði á haustönn og vorönn 2023. Á haustönn 2023 voru einnig tekin rýnihópaviðtöl við nemendur þar sem spurt var sérstaklega út í þróunarverkefni um vinnustofur til heimanáms sem sett var á laggirnar í byrjun annarinnar. Á skólafundi haustannar gafst nemendum kostur á að spyrja stjórnendur og annað starfsfólk út í hvaðeina sem viðkemur skólanum og starfsemi hans.

Niðurstöður kannana og greininga á vegum innra mats voru kynntar stjórnendum og gæðaráði á rýni stjórnenda í lok vorannar 2023. Þar ákváðu stjórnendur hvaða þættir innra mats færu inn í aðgerðaráætlun skólans. Skýrslu skólans um innra mat fyrir skólaárið 2022-2023 var skilað til mennta- og barnamálaráðuneytis í upphafi haustannar 2023.



Skýrsla um innra mat
skólaárið 2022-2023

ÝMIS VERKEFNI

GÆÐASTJÓRNUN

Gæðakerfi skólans hlaut vottun samkvæmt ISO 9001 í apríl 2021. Viðhaldsúttektir fóru fram í maí 2022 og í maí 2023 og er endurvottunarúttekt á dagskrá á vorönn 2024. Rýni stjórnenda fór fram á tveimur fundum, í lok vorannar og í byrjun haustannar. Með rekstri gæðakerfis vill MÍ tryggja að skólinn uppfylli kröfur sem gerðar eru til hans í lögum og reglugerðum, sem og væntingar og þarfir nemenda og starfsfólks. Gæðahandbók skólans er birt á heimasíðu hans.

SKJALAVARSLA

Við MÍ er notað rafræna skjalastjórnarkerfið GoPro og er markmiðið með rafrænni skjalavörslu að vinnubrögð séu í samræmi við **lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014**. Stefnt er að fyrstu skilum á rafrænum gögnum til Þjóðskjalasafns á árinu 2024.

Skil á rafrænum gögnum mun einnig fara fram úr INNU og tók MÍ þátt í undirbúningsvinnu ásamt skjalastjórum í framhaldsskólum auk fulltrúa Advania og Þjóðskjalasafns Íslands. Skjalastjórarnir luku sínum hluta vinnunnar undir lok vorannar 2023 og eru næstu skref því hjá Advania og Þjóðskjalasafni.

PERSÓNUVERND

Persónuverndarfulltrúi starfar við skólann eins og **lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018** gera ráð fyrir. **Persónuverndarstefna MÍ** var gefin út í gæðahandbók vorið 2020. Persónuverndarfulltrúi skólans er Pernilla Rein.



GRÆN SKREF



Á vorönn 2023 hlaut MÍ fimmta **græna skrefið** og var uppfylling grænu skrefanna meðal gæðamarkmiða skólans fyrir skólaárið 2022-2023 þar með lokið. Áfram verður unnið að því að bæta frammistöðu skólans í umhverfismálum. Umhverfissjónarmið hafa áfram sett æ sterkari svip á skólastarfið og umhverfi skólans og umhverfisvitund aukist. Umhverfisfræðsla, orkunotkun, úrgangur og samgöngur mynd ramma í markmiðum og aðgerðaráætlun í umhverfis- og loftslagsstefnu MÍ sem var gefin út í samræmi við lög um loftslagsmál nr. 70/2012 og er hún endurskoðuð árlega. Lögð er áhersla á að flétta umhverfismál og umhverfisvitund saman við nám og kennslu við skólann. Meðal þess sem áunnist hefur síðan innleiðing á grænum skrefum og sem kemur fram í grænu bókhalði MÍ má nefna:

Úrgangur:

- Bætt aðstaða fyrir flokkun
- Stöðugt er leitað leiða til að flokka betur úrgang sem og að minnka úrgang

Rekstur:

- Notkun skrifstofupappírs er orðin mjög lítil miðað við það sem áður var.
- Innkaup á rekstrarvörum eru mun umhverfisvænni en áður og er stefnan að kaupa umhverfisvottaðar vörur, séu þær í boði.
- Rafmagns- og heitavatnsnotkun hefur dregist saman.

Nám og fræðsla:

- Nemendur í áfanga í umhverfis- og áttahagafræði áttu þess kost að taka þátt í strandhreinsunarverkefni leitt af Háskólasetri Vestfjarða.

Samgöngur:

- 14 starfsmenn fengu greiddan samgöngustyrk hvora önn þar sem þeir ferðuðust til og frá vinnu á vistvænan máta.
- Ferðavenjukönnun var gerð á vorönn meðal starfsfólks og nemenda. Niðurstöður leiddu m.a. í ljós mun á ferðavenjum eftir árstímum, s.s. vegna færðar en einnig vegna framboðs á almenningssamgöngum á svæðinu.

Mötuneyti:

- Á matseðli í mötuneyti er ávallt í boði grænkeraréttur. Rautt kjöt er að hámarki í boði tvisvar í viku.
- Vel útilátinn sallatbar er alltaf í boði.
- Gestir skammta sér sjálfir mat.
- Vigtun á matarafgöngum í mötuneyti er framkvæmd reglulega og niðurstöðurnar sýnilegar í mötuneytinu.

GRÆNFÁNINN - SKÓLAR Á GRÆNNI GREIN

MÍ gerðist á árinu 2023 aðili að Grænfánanum sem er alþjóðlegt umhverfismenntarverkefni rekið af Landvernd. Markmið Grænfánans eru m.a. að styrkja lýðræðisleg vinnubrögð og að auka umhverfisvitun með þátttöku nemenda í gegnum verkefni innan kennslustofu sem utan skólans, sem rímar vel við markmið og aðgerðaáætlun umhverfis- og loftslagsstefnu MÍ. Sex nemendur tóku sæti í nefnd sem mun hefja innleiðingu á Grænfánanum með aðstoð umhverfisnefndar MÍ. Áætlað er að taka tvö ár í að öðlast viðurkenninguna Grænfánann.



STOFNUN ÁRSINS

Menntaskólinn á Ísafirði hlaut í annað sinn viðurkenningu í Stofnun ársins en fyrsta viðurkenningin var árið 2022 þegar skólinn var sú ríkisstofnun sem bætti starfskjör starfsmanna best árið 2022. Fékk skólinn af því tilefni titilinn hástökkvari ársins. Árið 2023 var skólinn í 2. sæti í flokki meðalstórra stofnana og fékk að því tilefni sæmdarheitið **FYRIRMYNDARSTOFNUN**.

Tilgangur með vali á stofnun ársins er að taka eftir og verðlauna vinnustaði sem ná framúrskarandi árangri í mannauðsstjórnun. Þá nýtist könnunin stjórnendum til að vinna að umbótum í stjórnun og starfsumhverfi og á að efla starfsumhverfi félagsfólks og starfsfólks í almannapjónustu. Niðurstöður könnunarinnar veita afar mikilvægar upplýsingar um starfsumhverfi vinnustaða og samanburð við aðrar stofnanir.

Stofnun ársins er samstarfsverkefni Sameykis, fjármála- og efnahagsráðuneytisins og Reykjavíkurborgar. Könnunin veitir mikilvægar upplýsingar um styrkleika og áskoranir í starfsumhverfi stofnana eins og MÍ, starfsfólki til hagsbóta.

Á hverju ári tekur allt starfsfólk skólans, óháð félagsaðild, þátt í könnuninni sem fer þannig fram að spurningalisti er lagður fyrir starfsfólk á netinu. Mælingin nær yfir níu ólíka þætti og þannig fæst heilsteypt mynd af innra starfsumhverfi stofnana. Þeir níu þættir sem eru mældir eru: stjórnun, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunar, ánægja og stolt og jafnrétti.

Stofnanir	Heildareinkunn	Vikmörk	Stjórnun	Starfsandi	Launakjör	Vinnuskilyrði	Sveigjanleiki vinnu	Sjálfstæði í starfi	Ímynd stofnunar	Ánægja og stolt	Jafnrétti
Þjóðskrá Íslands	4,57	+/-0,03	4,71	4,77	3,73	4,35	4,75	4,61	4,40	4,74	4,77
Menntaskólinn á Ísafirði	4,48	+/-0,04	4,75	4,67	3,89	4,17	4,28	4,44	4,51	4,64	4,64



• SAMSTARF VIÐ AÐRA FRAMHALDSSKÓLA

Sem starfs- og verknámsskóli er skólinn í góðu samstarfi við aðra slíka skóla um allt land með reglulegum samráðsfundum. Skólinn á einnig samstarf við 11 aðra framhaldsskóla á landsbyggðinni um fjarnám og gengur samstarfið undir nafninu Samland (áður Fjarmentaskólinn). Innan Samlands er sérstakt samstarf milli MÍ, Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra (FNV) og Verkmenntaskóla Austurlands (VA) um sjúkraliðanám.

• SAMSTARF VIÐ GRUNNSKÓLA

Það samstarf fer m.a. fram með skipulögðum heimsóknum námsráðgjafa og stjórnenda í grunnskólana á svæðinu, einkum til nemenda í 10. bekk. Einnig felst samstarfið í fundum skólastjórnenda og kennarahittingum beggja skólastiga þegar því er við komið.

• SAMSTARF VIÐ SVEITARFÉLÖG

Prenns konar samstarf er við sveitarfélögin á norðanverðum Vestfjörðum. Í fyrsta lagi um farsæld. Í öðru lagi um rekstur nýsköpunarsmiðjunnar Fab lab (e. fabrication laboratory) og í þriðja lagi um rekstur íþróttasviðs við MÍ.

- Ársskýrsla Fab lab Ísafjörður

• SAMSTARF VIÐ VINNUMÁLASTOFNUN

Samstarf er milli stofnananna um fræðslu fyrir nemendur á 3. og 4. ári starfsbrautar. Í samningnum felst að Vinnumálastofnun býðst til að koma inn með fræðslu fyrir nemendurna. Framkvæmd og útfærsla verkefnisins er samkomulag á milli skólans og Vinnumálastofnunar.

• ERLENT SAMSTARF

Skólinn átti á árinu 2023 í erlendum samskiptum við tvo skóla í Danmörku og Finnlandi. Í mars 2023 fóru þrír nemendur frá MÍ til EUC Lillebælt til tveggja vikna dvalar við nám og störf ásamt kennara. Í apríl fóru þrír kennarar og 7 nemendur til Omnia og voru þar í rúma viku við nám. Tveir starfsmenn fóru svo til Omnia að kynna sér verkefni um græn skref í skólastarfi. Tveir starfsmenn fóru til Fröya í Noregi og kynntu sér fiskeldisnám á svæðinu.

MÍ hefur frá árinu 2004 átt í samstarfi við framhaldsskólann St. Marie du Port í Les Sables d'Olonne á vesturströnd Frakklands og munum við fá heimsókn frá þeim vorið 2024 og okkar nemendur fara þangað haustið 2024. Auk þessa fóru tveir starfsmenn á námskeið í Frakklandi. Öll voru þessi verkefni möguleg vegna aðildar skólans að starfsnámshluta Erasmus+ 2021-2027. Í desember fékk skólinn samþykkt bóknámsaðild að Erasmus+. Á haustmánuðum 2023 var Hildur Halldórsdóttir ráðin sem alþjóðafulltrúi skólans og skipuð alþjóðanefnd. Í alþjóðanefnd sitja alþjóðafulltrúi og tveir starfsmenn.

• SAMSTARF VIÐ BÓKASÖFNIN Á SVÆÐINU

Bókasafn MÍ á í góðu samstarfi við bókasöfn framhaldsskóla, en einnig við almenningubókasöfnin á svæðinu, við skólasafn grunnskólans og Háskólasetun Vestfjarða.

HÚSNÆÐISMÁL


Húsnæði skólans er í heildina 5.814 fermetrar og skiptist í þrjár byggingar; bóknámshús, verknámshús og heimavist en í kjallara heimavistar er einnig kennslurými og Fab lab-smiðja.



STÆKKUNAR AÐ VÆNTA

Mikilvægt er að aðstaða í skólanum endurspegli þau markmið sem unnið er að. Hluti verknámskennslu fer fram í ósamþykktu húsnæði í kjallara heimavistar auk þess sem umfang verknámskennslu hefur aukist undanfarin ár. Á árinu 2023 var tilkynnt að verknámsaðstaða skólans yrði bætt til muna og var unnið að því á árinu.

Bættari aðstöðu fyrir verknámskennslu er ætlað að þjóna öllum Vestfjörðum. Bætt aðstaða fyrir verknám gefur möguleika á auknu námsframboði verknámsgreina og styður við þá atvinnustarfsemi sem þegar er til staðar á svæðinu.




FJÁRMÁL

Fjárhagsstaða skólans var innan ramma fjárlaga fyrir árið 2023.

Ársreikningur vegna 2023 var jákvæður um kr. 13.896.392. Framlag úr ríkissjóði var 721 milljónir, sértekjur voru 91,8 milljónir.

Gjaldaliður vegna húsnæðis- og launakostnaður á árinu 2023 var 89% af útgjöldum skólans.

Skipting rekstrargjalda




HORFT TIL FRAMTÍÐAR

SKÓLI MEÐ SÉRSTÖÐU

Mernntaskólinn á Ísafirði er eini framhaldsskólinn á stóru landsvæði. Skólinn heldur úti fjölbreyttu námsframboði og er sem slíkur mjög samfélagslega mikilvægur. Mikilvægt er að tryggja skólanum öruggan rekstrargrundvöll þar sem tekið er tillit til sérstöðu skólans á landsvísi.

Framhaldsskólar á Íslandi



FJÖLBREYTTUR NEMENDAHÓPUR

Nemendahópur skólans er mjög fjölbreyttur og hefur starfsfólk skólans yfir að ráða hæfni og þekkingu til að mæta honum. Í Mí fögnum við fjölbreytileikanum. Á haustönn 2023 voru 28% dagskólanemenda með annað móðurmál en íslensku.

NÁM OG KENNSLA

Með framboði á námi og í kennslu er leitast við að mæta þörfum nemenda sem best, hvort sem nemendur eru í dagskóla, fjarnámi eða dreifnámi sem og þörfum Vestfjarða.

